

Hr. Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið
Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar, 2011

Ágæti ráðherra,

Fjórði fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu var haldinn í utanríkisráðuneytinu hinn 13. desember síðastliðinn. Megin dagskrárefni fundarins var kynning á starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) og á tilraunaverkefni um alþjóðlegan jafnréttisskóla.

Fyrir hönd skólanna sátu fundinn Ingvar Birgir Friðleifsson frá Jarðhitaskóla HSP, Tumi Tómasson og Þór Ásgeirsson frá Sjávarútvegsskóla HSP, Berglind Orradóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir frá Landgræðsluskóla HSP og frá jafnréttisskólanum þær Annadís G. Rúdólfsdóttir, Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir.

Ingvar Birgir, Tumi, Berglind og Annadís kynntu hvert sinn skóla. Ingvar Birgir kynnti jafnframt tilurð að stofnun HSP, hvernig skólinn hefur þróast frá stofnun hans árið 1973 og áherslur í starfi hans nú um stundir.

Hugmyndir um stofnun Jarðhitaskólans vöknudust strax á upphafsárum HSP og varð skólinn að veruleika árið 1978. Sjávarútvegsskólinn var stofnaður árið 1998 og Landgræðsluskólinn varð formlega einn af skólum HSP í byrjun árs 2010 að loknum þriggja ára tilraunarekstri. Frá upphafi hafa 452 nemendur útskrifast frá Jarðhitaskólanum, 206 frá sjávarútvegsskólanum og 23 frá Landgræðsluskólanum, þar af sex eftir að hann varð formlega hluti af HSP. Starfsemi jafnréttisskólans hófst á árinu 2009 skv. samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands. Átta nemendur hafa sótt nám við skólann á þessum tíma.

Kynningarnar gáfu fulltrúum í samstarfsráðinu góða innsýn í störf skólanna. Almennt njóta þeir mikils stuðnings og velvilja meðal Íslendinga, og endurspegladist það vel í umræðum á fundinum. Eftirfarandi spurningar og sjónarmið komu fram í umræðum.

Umræður spunnust um forsendur starfsemi skólanna hér á landi sem byggist á þeirri sérfræðiþekkingu sem Ísland hefur fram að færa. Fulltrúar bentu á að svo halda megi úti alþjóðlegri starfsemi í háum gæðaflokki þurfi að vera til staðar sterkur hópur sérfræðinga og stofnana sem skapi fræðilegan og hagnýtan grundvöll starfsins. Í jarðhitamálum og sjávarútvegi sé slíkur grundvöllur til staðar, sem eðli málsins samkvæmt hefur styrkst eftir því sem starfsemi skólanna hefur þróast og mótast.

Í landgræðslumálum kemur spurningin um forsendur Íslands reglulega upp, m.a. með tilvísun í landfræðilega legu landsins. Á því sviði er hins vegar fræðilegur grundvöllur landnýtingar og vistheimtar sá sami, óháð hnattrænni legu. Ísland býr yfir mikilli reynslu á þessu sviði, Landgræðsla ríkisins er t.d. meðal elstu stofnana sinnar tegundar í heiminum, fagþekking er hér mikil og öflugt alþjóðlegt tengslanet innan stjórnsýslu- og fræðastofnana.

Í umfjöllun um jafnréttisskólann kom fram að þar er sérstök áhersla lögð á að skapa umhverfi fyrir gagnkvæma miðlun þekkingar og reynslu. Kennarar við skólann hafa mikla alþjóðlega reynslu, m.a. frá störfum í þróunarlöndum og fyrir félagasamtök og alþjóðastofnanir. Jafnréttisskólinn er ekki útrás á íslenskri þekkingu, heldur vettvangur og suðupottur fyrir samræður, stefnumótun og þekkingarsköpun. Starfsemi jafnréttisskólans getur verið mikilvæg viðbót við hina skólana þrjá, enda er jafnrétti þverlægt málefni í þróunarstarfi Íslands, m.a. samkvæmt drögum að Þróunarsamvinnuáætlun 2011-2014. Sá eðlismunur sem felst í því að jafnréttisskólinn byggist á félagsvísindum en hinir þrjú skólarnir

á raunvísindum getur auðgað þróunarstarf Íslands, verði hlúð að virku samstarfi allra skólanna í milli í framtíðinni.

Nokkuð var fjallað um þann kostnað sem hlýst af því að val á nemendum byggist á heimsóknnum starfsmanna til þróunarríkja og viðtölum þeirra við væntanlega nemendur. Rætt var hvort spara megi kostnað með því að virkja heimamenn sem þekkja til starfseminnar við nemendavalið. Að mati forsvarsmanna skólanna má að miklu leyti rekja góðan árangur þeirra til þess að sérstaklega er vandað til verka við val á nemendum. Einnig hefur það reynst mikilvægt skólanum að starfsmenn hans hafa kynnt sér staðhætti í heimalöndum nemenda og kynnst aðstæðum í þeim stofnunum sem þeir starfa við.

Í umræðu um fjármögnun skólanna kom fram að íslensk stjórnvöld kosta rekstur þeirra að lang mestu leyti. Jarðhitaskólanum og Sjávarútvegsskólanum eru tileinkaðir sérstakir fjárlagaliðir á vegum utanríkisráðuneytisins og Landgræðsluskólinn mun væntanlega fá sinn lið í næstu fjárlögum. Upphaflega lagði HSP einnig fé til skólanna, en þeir styrkir hafa nú lagst af. Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn hafa tekið á sig verulegan niðurskurð á síðustu tveimur árum. Brugðist hefur verið við því með ýmsum hætti, t.d. með stuðningi við færri nemendur í masters og doktorsnámi, dregið hefur verið úr kostnaði vegna leiðbeinenda og í starfsmannahaldi. Það hefur einnig létt á rekstrarkostnaði að samstarfsaðilar hafa sýnt aukinn vilja til að deila byrðunum, bæði vegna kostunar á sex mánaða námi og við námskeiðahald í þróunarríkjum.


Rætt var um hlutverk skólanna í samræmi við ný lög um þróunarsamvinnu og Þróunarsamvinnuáætlun. Skólarnir eru, að dómi fundarmanna, leið til að nýta íslenskan mannauð til hagsbóta fyrir þróunarríki og því mikilvægt að stuðningur stjórnvalda við þau sé hluti af heildar stefnu í málaflokknum. Fulltrúar skólanna höfðu kynnt sér drög að Þróunarsamvinnuáætlun og lýstu ánægju með megináherslur hennar og þátt HSP.

Fram komu spurningar um stöðu skólanna innan kerfis HSP og hvort ástæða sé til að sameina starfsemi þeirra með einhverjum hætti, m.a. svo hagræða megi í rekstri. Upplýst var að í nokkurn tíma hafi verið til skoðunar að skólarnir starfi undir einu heiti og fái stöðu stofnunar innan HSP. Styrkur skólanna í dag er hins vegar nálægð þeirra við íslenskar sérfræðistofnanir. Breytingar á skipulagi og rekstrarfyrirkomulagi þyrfti því að skoða vandlega með tilliti til faglegra krafna annars vegar og rekstrarlegra þátta hins vegar.

Hermann Örn Ingólfsson, sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins, upplýsti fulltrúa um vinnu við gerð þróunarsamvinnuáætlunar. Í máli hans kom fram að áætlunin sé að skerpa á þætti félagasamtaka í áætluninni samanber athugasemdir sem fram komu á fundi samstarfsráðsins hinn 8. nóvember sl. Þá verði upphæðir lagfærðar með tilliti til fjárlaga 2011 og samkvæmt nýjustu hagspá Hagstofu Íslands. Upplýsti hann jafnframt að gert sé ráð fyrir að áætlunin verði lögð fram sem tillaga til þingsályktunar á Alþingi í janúar.

Þetta var síðasti fundur Sighvats Björgvinssonar, framkvæmdastjóra ÞSSÍ, með samstarfsráðinu. Formaður ráðsins þakkaði Sighvati vel unnin störf að þróunarmálum og óskaði honum velfarnaðar í hvívetna.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

Formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit. Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu.